

Fundargerð

219. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði miðvikudaginn 8. febrúar 2017 kl. 12:00

Mættir eru: Sigvaldi H. Ragnarsson, Karl Lauritzson, Sigríður Sigmundsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Gunnar Jónsson.

Dagskrá:

1. Drög að ársreikningi 2016
2. Innkomin erindi
3. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl. 12:15

Skúli Björnsson varaformaður stýrði fundi.

1. Drög að ársreikningi 2016

Undir þessum lið sátu Magnús Jónsson og Guðlaugur Erlingsson frá KPMG sem fóru yfir og skýrðu framlögð drög að Ársreikningi HEF ehf. 2016. Endurskoðendur og framkvæmdastjóri svöruðu fyrirspurnum. Endurskoðunarskýrsla verður lögð fram á næsta fundi og þá verður ársreikningurinn tekinn til afgreiðslu og undirritunar stjórnar.

Framkvæmdastjóri sendir tillögu að breytingu á skiptingu launakostnaðar starfsmanna HEF milli fráveitu og vatnsveitu.

2. Innkomin erindi

- a) Aðalfundarboð Samorku 2017. Framkvæmdastjóra veitt umboð til að fara með atkvæði HEF á fundinum.
- b) Lögð er fram bókun stjórnar Samorku um málið sem er eftirfarandi:

5. Flushability statement SNK fór yfir tillögu fagráðs fráveitna, þar sem lagt er til við stjórn að Samorka samþykki The international flushability statement, þar sem farið er fram á það að neytendur um heim allan fái skýrar upplýsingar um hvaða vörur mega og mega ekki fara í fráveituna. Fagráðið leggur auk þess til að búinn verði til atburður tengt samþykktinni og að fráveitur í Samorku verði hvattar til þess að samþykkja hana. Auk þess leggur fagráðið til að þetta verði byrjunin á átaki í að fá stjórnvöld til að taka á þeim vanda, sem losun óæskilegs rusls í fráveitur er.



Umræða fór fram og samþykkti stjórn málið.

Stjórn HEF ehf. tekur heilshugar undir þessa yfirlýsingu og vekur athygli á stórauðnum rekstrarkostnaði fráveitunnar vegna sorps í kerfinu.

c) Samþykkt um fráveitur á Fljótsdalshéraði.

Eftirfarandi var bókað á 205. stjórnarfundum HEF ehf. 13. apríl 2016.

Stjórn HEF leggur til að eftirfarandi texti bætist við 9. grein í samþykktunum:

Til að tryggja að hvorki berist olía eða fita í fráveitukerfi sveitarfélagsins er fyrirtækjum og stofnunum þar sem unnið er með olíur og fitu skylt að hafa olíu- og/eða fituskiljur á fráveituvatni frá eldhúsum eða vinnslusölum áður en fráveitan er leidd inn á fráveitukerfi sveitarfélagsins. Þetta gildir jafnt um verkstæði, bensínstöðvar, matvælafyrirtæki, stóreldhús og veitingastaði. Við val á skiljum skal farið eftir viðeigandi stöðlum og skv. leiðbeiningum Heilbrigðiseftirlits.

Miða skal við að fráveita frá olíu- og fituskiljum innihaldi ekki meira en 100 mg af olíu og fitu per líter og að fráveita frá fituskiljum innihaldi að hámarki 1000 mg/l O₂ af COD og 500 mg/l af svifögnum.

Tillögunni vísað til sveitarstjórnar Fljótsdalshéraðs. Samþykkt samhljóða.

Framkvæmdastjóra falið að fylgja bókuninni eftir og gera tillögu til bæjarráðs Fljótsdalshéraðs á grunni framlagðra draga um samþykktir um fráveitu á Fljótsdalshéraði.

3. Önnur mál

- a) Gengið hefur verið frá leigusamningi við Vatnajökulspjódgarð í hluta húsnæðis HEF, a.m.k. til eins árs.
- b) Framkvæmdastjóri greindi frá stöðu Skógarorku.

Næsti fundur verður 22. febrúar 2017.

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 14:17

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir